

OECD spáir 2,5% hagvexti

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, spáir því að hagvöxtur verði 2½% á Íslandi á næsta ári en hagvöxtur verði fremur lítill í ár. Er aukning hagvaxtar rakin til fyrirhugaðra stórförum á næsta ári tengdra orkufrekum iðnaði.

Í nýrri hagvaxtarspá OECD kemur fram að atvinnuleysi muni halda áfram að minnka og verða komið niður fyrir 5% á næsta ári.

Eins muni draga úr verðbólgu og skýrist það meðal annars af auknu aðhaldi í peningastefnunni og bættri stöðu krónunnar. Verðbólgan verði að meðaltali 3,2% á næsta ári sem er yfir verðbólgu markmiðum Seðlabankans.

OECD telur nauðsynlegt að hér verði beitt meira aðhaldi við fjárlagagerðina og unnið að því að draga úr skuldum hins opinbera sem nú eru 130% af vergri landsframleiðslu.

OECD lækkaði hagvaxtarspá sína fyrir evrusvæðið og Bretland.

Hagnaður hjá N1 minnkar

Rekstrartekjur N1 hf. á fyrsta ársfjórðungi 2013 voru 12.783 milljónir, samanborið við 12.419 milljónir á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 279 milljónir samanborið við 574 milljónir á sama tímabili 2012. Hagnaður tímabilsins var 51 milljónir en á sama tímabili árið áður var hann 332 milljónir.

Bókfært verð eigna félagsins nam 28.063 milljónum samanborið við 27.769 milljónir í lok síðasta árs. Eigið fé var 14.536 milljónir en var 14.514 milljónir um áramót. Eiginfjárlutfall er 51,8% og námu heildarskuldur og skuldbindingar 13.527 milljónum.

Veltufé frá rekstri fyrstu þrjá mánuði ársins var 263 milljónir, en handbært fé 419 milljónir.



Skannaðu kóðann til að sjá gengið eins og það er núna á mbl.is

Gengisskráning	29. maí 2013		
	Kaup	Sala	Mið
DOLLARI	123,21	123,79	123,5
STERLINGSPUND	185,3	186,2	185,75
KANADADOLLARI	118,43	119,13	118,78
DÖNSK KRÓNA	21,324	21,448	21,386
NORSK KRÓNA	20,896	21,02	20,958
SÆNSK KRÓNA	18,445	18,553	18,499
SVISSN. FRANKI	127,1	127,82	127,46
JAPANSKT JEN	1,2141	1,2213	1,2177
SDR	183,74	184,84	184,29
EVRA	158,97	159,85	159,41
MEDALGENGI/VIÐSKIPTAVOG PRÖNG	216,6054		

Heimild: Seðlabanki Íslands

Ný hlutabréfavísitala GAMMA segir aðra sögu

● Hlutabréfavísitala GAMMA hefur hækkað um 111% frá 2009 en úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 15%

BAKSVIÐ

Helgi Vífill Júlíusson
helgivi@mbi.is



Ný hlutabréfavísitala fjármálaframtækisins GAMMA sýnir ólíka gengisþróun en úrvalsvísitala Kauphallarinnar. Er það vegna þess að þær eru byggðar upp með ólíkum hætti.

Samkvæmt hlutabréfavísitölu GAMMA hefur íslenski hlutabréfamarkaðurinn hækkað um 111% frá ársbyrjun 2009 til loka síðustu viku, en á sama tíma hefur Úrvalsvísitalan hækkað um 15%. Sé lítið til ársávöxtunar vísitölu GAMMA á tímabilinu nemur hún 18,5%.

Valdimar Ármann, hagfræðingur hjá GAMMA, segir að helsti munurinn á ávöxtun vísitalanna liggir í því að Kauphöllin hafði færseksu félögin innanborðs árin 2009-2011 og þau lækkuðu talsvert á tímabilinu.

Aukið gagnsæi

„Smíði nýju hlutabréfavísitölnnar er liður í að auka gagnsæi og skilvirkni á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Hún er alls ekki sett fram til höfuðs vísitölu Kauphallarinnar heldur mun frekar sem góð viðbót svo hægt sé að sjá gleggri mynd af markaðnum,“ segir hann. GAMMA hefur um árabíl rekið þrjár skuldbréfavísitölur.

Samsetning fyrirtækja í hlutabréfavísitölu GAMMA er endurskoðuð ársfjórðungslega, sem er oftari en opinberar íslenskar vísitölur hafa gert hingað til, meðal annars til að hleypa nýjum fyrirtækjum fljótar inn í vísitöluna í kjölfar útboða. Samsetning hennar nú er eftirfarandi: Eimskip, Hagar, Icelandair, Marel, Reginn, Vodafone og Össur. Ellert Arnarson hjá GAMMA kom að smíði vísitölnnar ásamt Valdimar.

„Fyrirtæki innan vísitölnnar,“ segir Ellert, „eru hlutfallsvigtuð eftir flotleiðréttu markaðsvirði og mælir vísitalan heildarávöxtun, sem þýðir að arðgreiðslur eru endurfjárfestar í vísitölnni. Flotleiðréttingin felur í sér að ekki er allt markaðsvirði fyrirtækja tekið með í reikninginn, heldur er leiðrétt fyrir hlutum sem ekki ganga kaupum og sölum á opnum markaði. Tilgangurinn með flotleiðréttingu er að koma í veg fyrir bjög-un í verði hlutabréfs – með því að skapa eftirspurn eftir hlutum sem ekki eru til sölu – og til að auka fjárfestaleika vísitölnnar. Nú til dags reikna flestir erlendir útgefendur hlutabréfavísitalna með einhvers konar flotleiðréttingu, ekki sist vegna þrýstings frá fjárfestum. Það er þó



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Vísitölur Hlutabréfavísitölnnar varpa ljósi á almenna þróun á hlutabréfamarkaði yfir tíma.

Þróun þriggja hlutabréfavísitala



ekki langt síðan það varð viðtekin venja, en S&P500-vísitalan tók t.a.m. ekki upp flotleiðréttingu fyrr en í mars 2005,“ segir hann.

Ýmsar leiðir standa til boða

Við val á fyrirtækjum í hlutabréfavísitölu setja útgefendur ýmist skilyrði fyrir stærð fyrirtækja eða veltu með hlutabréf þeirra. „Í fyrri höpnum má meðal annars finna útgefendur eins og Russell og MSCI, en í þeim seinni má nefna Morningstar og NASDAQ OMX. Aðferðafræði

hlutabréfavísitölu GAMMA fetar ákveðinn milliveg með því að rada gjaldgengum fyrirtækjum fyrst upp eftir veltu seinustu sex mánaða og velja síðan fyrirtæki inn í vísitölna hvert á fætur öðru þangað til að minnsta kosti 90% af flotleiðréttu markaðsvirði allra gjaldgengra fyrirtækja eru komin inn í vísitölna. Gjaldgeng fyrirtæki teljast þau fyrirtæki sem eru með a.m.k. 10% frjálst flot, gefa út hlutabréf sín í krónum og eru skráð á aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland.

Með þessa aðferðafræði að baki þarf ekki að setja fyrirfram ákveðna hámarkstölu á fjölda fyrirtækja innan vísitölnnar, ásamt því að lítil og illseljanleg fyrirtæki eru útilokkuð,“ segir Ellert.

Að jafnaði eru hlutabréfavísitölur notaðar til að varpa ljósi á almenna þróun á hlutabréfamarkaði yfir tíma. Þær má einnig nota sem fjárfestingarviðmið. Þá er lítið á vísitölna sem hlutlaus mat á þeirri ávöxtun sem fjárfestir getur vænst með því að fjárfesta á þeim markaði sem vísitalan mælir. Þannig má meta frammistöðu hlutabréfasjóða sem standa fjárfestum til boða á markaði og meta hvort virk stýring sjóðsstjóra skili umframávöxtun sem standi undir þóknun sjóðsins. „Loks má nefna að vísitölur eru oft notaðar sem fjárfesting í sjálfu sér, en þá er vísitölnni fylgt eftir af hlutabréfasjóði sem fjárfestir í sömu hlutföllum og samsetning vísitölnnar segir til um. Þetta nefnist hlutlaus stýring, þar eð ákvarðanataka sjóðsstjóra kemur ekki inn í myndina, og ætti að öllu jöfnu að vera ódýrara að fjárfesta í slíkum sjóði þar sem ekki þarf lengur að greiða fyrir sérþekkingu og rannsóknarvinnu sjóðsstjóra,“ segir Ellert.



Blóðbankinn stækkaði pakkann og bætti við sig vörudreifingu Póstsins



Við viljum gera meira fyrir viðskiptavinum okkar og aðstoða þá við að bjóða viðskiptavinum sínum réttar lausnir og hagræða í rekstri – það köllum við að stækka pakkann.

Hafðu samband við Fyrirtækjalausnir Póstsins í síma 580 1090 eða í fyrirtaekjalausnir@postur.is. Þú getur líka skoðað þær lausnir sem í boði eru á postur.is.

www.postur.is

FYRIRTÆKJALOUSNIR